



Skráningar- og innritunarreglur fyrir leikskóla Dalvíkurbyggðar

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Leikskólinn er á forsendum barnsins, en leitast er við að hafa sem mestan sveigjanleika í dvalartíma barnanna til að koma til móts við óskir foreldra. Grundvallaratriði er þó að það komi ekki niður á börnunum og leikskólamenntun þeirra.

Fyrir hverja er leikskólarnir í Dalvíkurbyggð?

Dalvíkurbyggð býður upp á leikskóladrvöl að jafnaði frá 12. mánaða aldri til 6 ára aldurs skv. lögum um leikskóla frá júní 2008. Leikskóladrvöl allt að 30klst á viku er gjaldfrjáls, með þeim skilyrðum að dvöl byrji í síðasta lagi kl 09:00 og sé í lágmarki 4 klst í senn, þá daga sem börn mæta í leikskóla.

Skráningar- og innritunarreglur

Sækja þarf um leikskóladrvöl rafrænt á íbúagátt Dalvíkurbyggðar. Mikilvægt er að umsóknin sé rétt útfyllt.

Öllum forráðmönnum er heimilt að sækja um leikskóladrvöl fyrir börn sín í Dalvíkurbyggð, en skilyrði er að hafa lögheimili í Dalvíkurbyggð þegar leikskóladrvöl hefst við leikskóla Dalvíkurbyggðar.

Hægt er að sækja um tímabundna undanþágu á þessu enda liggi fyrir gildar ástæður s.s. námsdvöl foreldra. Leggja þarf fram samþykki lögheimilis sveitarfélags um greiðslu á hlut Dalvíkurbyggðar á leikskólagjaldi fyrir barnið og samþykki Dalvíkurbyggðar um undanþágu frá lögheimili.

Börn á aldrinum 12-18 mánaða geta verið með vistun til kl 15:15 á daginn.

Inntaka barna er háð því skilyrði að foreldri sé ekki í vanskilum í leikskólum sveitarfélagsins. Leikskóladrvöl er úthlutað ef öllum skilyrðum er fullnægt, skipulagi leikskóla og reglum um forgang. Leikskóladrvöl er almennt úthlutað í apríl/maí ár hvert. Ákvörðun og úthlutun á leikskóladrvöl er á höndum skólastjóra leikskóla í samráði við sviðsstjóra fræðslu – og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar. Við upphaf á leikskóladrvöl, skrifa foreldrar undir dvalarsamning sem meðal annars kveður á um dvalartíma og fæðiskaup. Með undirritun sinni staðfesta forráðamenn að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá og innritunarreglur leikskóla Dalvíkurbyggðar.

Reglur um forgangsröðun barna í leikskólum Dalvíkurbyggðar eru eftirfarandi:

- Börn eru tekin inn eftir kennitölu barns.
- Forgang hafa börn með fötlun og skal þá greining vera í ferli eða lokið.
- Forgang hafa börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati félagsmála - og fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar.
- Annarra aðstæðna.
- Forgangsbeiðnir skulu berast skriflega með rökstuddum gögnum. Beiðnir sem berast um forgang eru metnar á fundi í fræðsluráði.

Að hafna leikskóladvöl og uppsögn á leikskóladvöl.

Ef foreldri/forráðamaður barns þiggur ekki boð um leikskóladvöl við úthlutun fær umsóknin nýja dagsetningu nema ef samið er um að barnið byrji á öðrum tíma.

Gagnvirkur uppsagnarrestur á leiksskóladvöl er einn mánuður og skal miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Segja skal upp leikskóla skriflega, sem skal berast leikskólastjóra.

Leikskólagjöld og aðrar skyldur þjónustuþega

Sveitastjórн ákveður gjaldskrá leikskóla og gerir breytingar á verðgrunni að fenginni umsögn fræðsluráðs.

Systkinaafsláttur:

Til að njóta systkinaafsláttar þurfa börn innan sömu fjölskyldu að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili. Systkinaafsláttur er samtengdur á milli leikskóla og skólavistunar. Afsláttur reiknast alltaf fyrst á elsta barnið og svo í aldursröð.

- 1. barn fær 100 % afslátt
- 2. barn fær 30% afslátt
- 3. barn greiðir fullt gjald

Aðrir afslættir

Einstæðir foreldrar og námsmenn fá 30% afslátt af leikskólagjaldi þess barns sem ekki fær systkinaafslátt. Miðast er við að foreldri sé í háskólanámi og skráð í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn og í framhaldsskólanámi skráð í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn. Skila skal skólavottorði fyrir fram fyrir hverja önn og þar skal koma fram að um fullt nám sé að ræða. Afsláttur kemur til greiðslu með staðfestingu frá skóla að hann hafið lokið námi á viðkomandi önn. Stuðst er við sömu viðmið og LÍN. Afsláttur vegna náms er ekki veittur frá 1. júní til 31. ágúst.

Enginn afsláttur er veittur af gjöldum þótt börn séu fjarverandi um tíma nema um langvarandi fjarveru vegna veikinda sé að ræða (mánuð eða meira) og veikindavottorð hafi borist.

Afsláttur er gefinn af fæðisgjaldi ef barn er fjarverandi samfellt í 2 vikur eða lengur og fjarveran hafi verið tilkynnt leikskólanum.

Ef leikskólagjöld eru í 3ja mánaða vanskilum hefur leikskólastjóri í samráði við skólaskrifstofu fulla heimild til að segja viðkomandi foreldrum/forráðamönnum upp leikskóladvöl. Að öðru leyti er vísað til innheimtureglina Dalvíkurbyggðar.

Ef foreldrar/forráðamenn virða ítrekað ekki umsamin vistunartíma, hefur leikskólastjóri í samráði við skólaskrifstofu, að undangenginni viðvörun, heimild til að segja viðkomandi upp leikskóladvöl.

Skráningargjöld

Skráningardagar eru í leikskólum Dalvíkurbyggðar samkvæmt leikskóladagatali sem samþykkt er í sveitarstjórn. Sérstakt gjald fyrir skráningardaga eru ákveðin í gjaldskrá sem sveitarstjórn ákveður. Foreldrar þurfa að skrá börn í leikskóla 20 hvers mánaðar, mánuðinn á undan. Þannig greiðist gjald fyrir þá með reikningi fyrir þann mánuð sem skráningardagarnir eru í.

Samþykkt í fræðsluráði þann 12.06.2024

Samþykkt í sveitastjórn Dalvíkurbyggðar þann 17.12.2024